



Naustaskóli – Naustatjörn – samstarfsáætlun veturinn 2013-2014

Húsnæðismál;

- Naustaskóli lætur í té húsnæði fyrir tvær deildir Naustatjarnar og eru deildir leikskólans því sex. Um er að ræða fyrirkomulag um óákveðinn tíma en gert er ráð fyrir að samnýting húsnæðis á þennan hátt vari a.m.k. þar til nýr leikskóli tekur til starfa í Naustahverfi.
- Húsnæðið sem deildir fá til afnota er á jarðhæð skólans, við inngang 1. bekkjar. Um er að ræða ½ opið svæði 228 fm., hóprými 32 fm., lítið hóprými 8 fm., geymsla 8 fm., ½ vinnustofa 16 fm. og salerni 12 fm. Samtals er þetta rými 304 fm. Naustatjörn og Naustaskóli samnýta forstofu og matsal.
- Skólaliðar Naustaskóla annast ræstingu á húsnæði leikskóladeilda en Naustatjörn greiðir fyrir ræstingu.
- Naustaskóli greiðir rafmagn og upphitun, svo og efni til ræstinga.
- Naustatjörn leggur til prentara, ljósritunarvél og pappír í sameiginlega vinnuaðstöðu kennara.

Starfsmannamál;

- Við leikskóladeildirnar starfa að jafnaði sex kennarar. Starf deilda byggir á hugmyndafræði leikskóla og er undir stjórn skólastjóra Naustatjarnar líkt og kennarar deilda. Forföll þar eru leyst af Naustatjörn.
- Samstarf er á milli leikskóladeilda, kennarateymis 1. bekkjar og starfsmanna Frístundar Naustaskóla. Deildarstjórar leikskóladeilda og kennarar 1. bekkjar hittast aðra hverja viku, klukkustund í senn til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta samstarfið.
- Mánaðarlega eru samstarfsfundir 1. bekkjarteymis og leikskóladeildar, 2 klst. í senn, ásamt ráðgjöfum frá Miðstöð skólaþróunar HA.
- Skólastjórar leik- og grunnskóla sitja samráðsfundi á haustönn til að skipuleggja samstarf vetrar og á vorönn til að yfirfara skóladagatöl. Þá hittast stjórnendur skólanna mánaðarlega yfir veturinn á formlegum samstarfsfundum.
- Húsvörður Naustaskóla lýtur verkstjórn skólastjóra Naustaskóla en annast húsvörslu fyrir báða skóla eftir atvikum.
- Naustaskóli leggur til starfsmenn í mótuneyti, þeir starfsmenn eru ráðnir að Naustaskóla og heyra undir skólastjóra en lúta verkstjórn matreiðslumanns Naustatjarnar við störf sín.
- Skólarnir stefna að sameiginlegri endurmenntun starfsfólks í málefnum tengdum jákvæðum aga og umhverfismennt.
- Starfsmönnum beggja skóla stendur einnig til boða að sitja ákveðna fræðslufundi sem önnur hvor stofnunin stendur fyrir. Er fyrirkomulag ákveðið hverju sinni.
- Skólarnir hafa náði samráð við gerð skóladagatala og leitast við að ná sem mestri samræmingu á þeim.

Mötuneyti og þvottur;

- Matreiðslumaður Naustatjarnar annast matreiðslu fyrir báða skólana og er starfsstöð hans í mótuneyti Naustaskóla.

- Báðar stofnanir leggja til starfsmenn í mötuneytið í samræmi við úthlutaðar stöðuheimildir. Skipuleggur mateiðslumaður þeirra störf en þeir aðstoða við undirbúning, matseld, matarafgreiðslu, uppvask og frágang.
- Fæði er selt samkvæmt þeim reglum sem gilda á hvoru skólastigi fyrir sig. Rekstarstjóri skóladeildar sér um uppgjör á fæðis kaupum milli skólanna.
- Þvottavél og þurrkari Naustatjarnar er í húsnæði Naustaskóla. Starfsmaður eldhúss Naustatjarnar sér um að fara með þvott á milli húsa en skólaliðar í Naustaskóla annast þvotta fyrir bæði húsin undir verkstjórn húsvaðar.

Samstarf við skólaþróunarsvið HA;

- Starfsfólk Skólaþróunarsviðs HA veitir skólastjórnendum ráðgjöf og stuðning til að vinna að áframhaldandi samstarfi skólana.
- Starfsfólk Skólaþróunarsviðs HA veitir kennurum leikskóladeilda og 1. bekkjar ráðgjöf og stuðning vegna þróunar samstarfs á milli skólastiga.

Umhverfismennt;

- Naustaskóli verður „skóli á grænni grein” skólaárið 2013-2014.
- Verkefnisstjórar skólanna á sviði umhverfismenntar munu vinna saman og verkefnisstjóri Naustatjarnar verður Naustaskóla innan handar við fyrstu skref skólans.
- Umhverfisnefndir skólanna munu hittist 1x – 2x yfir veturinn til að ræða mál tengd umhverfismennt.
- Skólarnir geta unnið að sameiginlegum þemaverkefnum og sýningum þar sem lögð er áhersla á umhverfismennt og að miðla þeim áhrifum út í samfélagið.
- Skólarnir nýta sameiginlega aðstöðu í Naustaborgum til útikennslu og umhverfismenntar.

Samstarf um kennslu nemenda;

- Leikskóladeild tekur þátt í samverustund nemenda Naustaskóla að morgni einu sinni í viku eftir því sem hægt er.
- Stefnt er að því að þrjá daga í viku sé opið milli leikskóladeilda og Frístundar Naustaskóla í einhverja stund og nemendur skólanna blandast í hópum, vali og útiveru. Áhersla er þá lögð á frjálstan leik og að nýta sem best alla neðri hæð skólans til leikja og náms.
- Nemendur 1. bekkjar og leikskóladeildar blandast hluta vikunnar í hópastarfi, einnig eru unnin þemaverkefni þar sem nemendur beggja skólanna taka þátt og vinna saman.
- Stefnt er að því að blandaðir hópar fari í útikennslu og ævintýraferðir í Naustaborgir.
- Elstu nemendur leikskólans eiga sér vinabekk í 6. bekk Naustaskóla. Efnt verði til gagnkvæmra heimsókna og verkefna þessara nemenda til að ná sem bestum tengslum. Eldri nemendurnir taki svo þátt í að aðstoða þau yngri t.d. í útivist, ævintýraferðum o.s.frv. Þessi tengsl haldist svo þegar nemendur eldast þannig að 7. bekkur aðstoði 1. bekk o.s.frv.
- Í samráði við foreldra getur sá möguleiki verið fyrir hendi að einstakir nemendur færist á milli skólastiga hluta úr degi.

f.h. Naustatjarnar

Jónína Hauksdóttir

f.h. Naustaskóla

Ágúst Jakobsson